

119

4. gr.

29. des.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952, og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 51/1951 og geta síðan þau lög út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

120

L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málslíður 8. gr. laganna orðist svo:

Til þessarar deildar ganga frá 1. janúar 1951 15% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

121

L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að ⅓ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá